

**M-40/2008. Álit 24. júlí 2008**

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 24. júlí 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-40/2008:

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 11. júní sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna skemmda á ísskáp sem hún segir hafa orðið meðan skápurinn var í vörslum fyrirtækisins Y. Álitsbeiðandi krefst þess að fyrirtækið greiði sér bætur fyrir skemmdirnar.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Kæruneftndin gaf Y kost á andsvörum með bréfi, dags. 12. júní sl., og bárust andsvörin 24. júní í bréfi, dags. 20. s.m. Álitsbeiðanda voru send andsvörin til upplýsingar með bréfi, dags. 26. júní, og gefinn frestur til að skila athugasemdum til 7. júlí. Álitsbeiðandi sendi nefndinni athugasemdir 1. júlí. Aðilum var tilkynnt með bréfi, dags. 2. júlí sl., að nefndin hefði tekið álitsbeiðnina til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa gaf álit vegna kaupa álitsbeiðanda á framangreindum ísskáp 17. desember 2007. Ísskápinn keypti álitsbeiðandi 11. júlí 2004 fyrir kr. 194.999 en þá hafði verið gefinn 35% afsláttur af kaupverðinu. Kælivél ísskápsins bilaði eftir u.þ.b. þriggja ára notkun og var skápurinn sendur á þjónustuverkstæði seljanda, Y, til viðgerðar. Álitsbeiðandi krafðist riftunar á kaupunum sem seljandi hafnaði. Seljandi féllst á að greiða kostnað við viðgerð á ísskápnnum yrðu kaupin á honum talin falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Álit kæruneftndarinnar var að kaupin á ísskápnnum féllu undir neytendakaupalögin og að seljanda bæri að greiða álitsbeiðanda þann kostnað sem leitt hefði af viðgerðinni á kælivél skápsins. Þegar álitsbeiðandi bað um álit vegna þessara viðskipta sagði hún ísskápinn vera á þjónustuverkstæðinu og talinn vera kominn í lag.

Í álitsbeiðni í þessu máli segir álitsbeiðandi að af hálfu Y hafi ekkert samband verið haft við sig eftir að álit kæruneftndarinnar gekk 17. desember sl. Ísskápurinn hafi verið geymdur á lager fyrirtækisins. Eftir nokkurn tíma hafi sig farið að lengja eftir skápnnum og beðið um að hann yrði sendur til sín. Ísskápurinn hafi komið pakkaður inn í plastfilmu. Álitsbeiðandi kveðst hafa auglýst skápin til sölu en ákveðið síðan að skoða hann og þrifa. Henni hafi orðið mikið um við að sjá skápin en beyglur, sprungur og rispur hafi alls staðar verið á honum. Álitsbeiðandi kveðst hafa haft samband við Z og síðan við starfsmann á lager seljanda. Þar hafi hún fengið þau svör að ísskápurinn hefði verið sendur henni í sama ástandi og hann hefði verið þegar hann kom til seljanda. Þar með hafi málið verið útrætt og ekki hafi seljandi viljað senda neinn til þess að skoða skápin. Álitsbeiðandi kveðst þá hafa haft samband við Z og maður frá fyrirtækinu, sem

gert hafi við kælikerfið á sínum tíma, hafi komið og skoðað skápinn. Hann hafi séð útlitsskemmdirnar og eftir honum hafi hún mátt hafa að „það hefði greinilega eitthvað mikið gengið á.“ Ein hjón hefðu komið og skoðað skápinn með kaup í huga en sagt að skoðun lokinni að þau myndu í mesta lagi kaupa hann á kr. 30.000 og farið við svo búið. Álitsbeiðandi segist hafa ætlað að selja skápinn fyrir kr. 100.000. Nú telji hún skápinn verðlausan og hafi hún staðið í miklum rökræðum og leiðindum vegna þessara kaupa.

#### IV

##### **Andsvör gagnaðila**

Seljandi segir álitsbeiðanda hafa neitað að taka við ísskápnum eftir að viðgerð á honum hafi lokið en þess í stað beðið um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa. Seljandi kveðst hafa sæst á álit nefndarinnar um að greiða viðgerðarkostnaðinn. Álitsbeiðandi hafi síðan fengið skápinn sendan í framhaldi af því. Samkvæmt upplýsingum frá Z hafi skápurinn verið sendur fyrirtækinu í „utanaðkomandi“ sendiferðabíl og ljóst hafi verið að eitthvað hafi gengið á í þeim flutningum. Seljandi segir að eftir því sem hann komist næst kannist hvorki starfsmenn Z né lagerstarfsmenn Y sem séð hafi um að ganga frá skápnum til geymslu, þar sem álitsbeiðandi hafi ekki viljað taka við honum, að neitt hafi komið fyrir skápinn á þeim tíma sem hann hafi verið í vörslum fyrirtækisins. Hafi eitthvað komið fyrir skápinn hafi það gerst þegar álitsbeiðandi sendi hann á verkstæði Z til viðgerðar. Sá flutningur hafi ekki verið í þeirra höndum og ekki hafi þeir borið ábyrgð á skápnum meðan hann var í vörslum eiganda hans.

#### V

##### **Athugasemdir álitsbeiðanda**

Í athugasemdum álitsbeiðanda kemur fram að ísskápurinn hafi á sínum tíma verið sendur til viðgerðar hjá Z með viðurkenndu flutningafyrirtæki, en seljandi hafi neitað að annast flutninginn og viðgerð á ísskápnum. Álitsbeiðandi kveðst hafa beðið í nokkrar vikur eftir því að seljandi hefði samband við sig að áliti kærunefndarinnar gengnu 17. desember sl. Hún hafi vitað að skápurinn hafi verið geymdur á lager seljanda en Z hafi ekkert geymslupláss haft. Þegar hún hafi haft samband við lagerinn hafi sér verið sagt að hún gæti fengið skápinn sendan næsta dag sem seljandi hafi og gert. Þegar starfsmaður frá Z hafi komið og skoðað skápinn, eftir að hann hafi komið til baka úr viðgerðinni, hafi hann sagt að svona hefðu þeir hjá Z ekki séð skápinn áður. Ísskápurinn hafi því farið óskemmdur frá Z til seljanda þannig að eitthvað hafi gerst í flutningunum á milli Z og Y eða á meðan skápurinn var geymdur hjá Y eða þá í flutningum á skápnum þaðan heim til sín. Víst sé að skápurinn hafi komið úr viðgerð beyglaður og skemmdur.

#### VI

##### **Niðurstaða kærunefndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006. Kærunefndin lítur svo á að krafa álitsbeiðanda byggist á ákvæðum laga nr. 48/2003 um neytendakaup þar sem hún tengist viðgerð seljanda á galla á ísskápnum.

Af myndum af ísskápnum sem álitsbeiðninni fylgdu sést glögglega að hann hefur orðið fyrir umtalsverðum skemmdum, eins og lýst er í álitsbeiðni. Skemmdirnar líkjast helst því að þær hafi verið unnar af ásetningi eða alla vega miklu gáleysi, en um það er þó ekki neitt hægt að fullyrða. Álitsbeiðandi sendi skápinn til viðgerðar hjá Z og má það vera með miklum ólíkindum hafi það fyrirtæki ekki látið vita af því hvernig skápurinn var útleikinn áður en eða á meðan viðgerð hans stóð hafi skápurinn verið í því ásigkomulagi sem hann nú er þegar hann kom til viðgerðarinnar. Í álitsbeiðni og athugasemdum álitsbeiðanda kemur og fram að starfsmaður Z hafi fullyrt, þegar hann skoðaði skápinn eftir að álitsbeiðandi fékk hann sendan úr viðgerðinni, að starfsmenn Z hafi aldrei séð skápinn svona útleikinn. Kærunefndin telur með vísan til þessa að á því verði að byggja að skápurinn hafi skemmt einhvern tíma frá því að hann fór frá Z þar til að hann kom til álitsbeiðanda aftur, en ekkert bendir til þess að skemmdirnar hafi orðið eftir að skápurinn kom í vörslur álitsbeiðanda. Niðurstaða kærunefndarinnar í álit frá 17. desember sl. var sú að seljandi bæri ábyrgð á þeim galla sem á kælivél skápsins var og honum væri skylt að gera við skápinn á sinn kostnað. Samkvæmt fyrri beiðni álitsbeiðanda var búið að gera við skápinn þegar beiðnin barst nefndinni en ágreiningur stóð um það hvor aðila ætti að greiða viðgerðarkostnaðinn. Samkvæmt því sem fram kom í andmælum Y við fyrri álitsbeiðninni féllst fyrirtækið á að það ætti að greiða viðgerðarkostnaðinn félli kaupin á ísskápnum undir neytendakaupalögin, en sú var niðurstaða kærunefndarinnar. Álitsbeiðanda hefði þá átt að vera ljóst að hún gæti fengið skápinn afhentan eftir að kærunefndin hafði gefið álit sitt. Þótt svo hafi verið telur kærunefndin engu að síður að áhættan af söluhlutum, þ.e. ísskápnum, hafi ekki flust yfir til álitsbeiðanda af þeim sökum enda verður að telja að seljanda hafi borið að koma skápnum í hendur álitsbeiðanda að viðgerð lokinni henni að kostnaðarlausu. Má hér og líta til 6. mgr. 14. gr. laga nr. 48/2003 þar sem segir að neytandi beri ekki áhættuna af tilviljunarkenndum atburði sem verði meðan hlutur er hjá seljanda, enda sé ekki hægt að rekja atburðinn til eiginleika hlutarins sjálfs, sem ekki er í því tilviki sem hér um ræðir.

Samkvæmt því sem að framan segir er það álit kærunefndarinnar að seljandi, Y, beri ábyrgð á þeim skemmdum sem á skápnum eru og urðu í framhaldi af því að seljandi hafði bætt þann galla sem á ísskápnum var og eru þannig tengdar gallanum. Seljanda ber því að greiða álitsbeiðanda skaðabætur samkvæmt ákvæðum d-liðar 1. mgr. 19. gr. laga nr. 48/2003. Að því er varðar fjárhæð skaðabótanna verður að líta til þeirrar verðmætisrýrnunar sem á ísskápnum hefur orðið vegna skemmdanna.

Álitsbeiðandi keypti ísskápinn 11. júlí 2004 og var hann nálægt því að vera fjögurra ára gamall þegar álitsbeiðandi fékk hann úr viðgerðinni. Álitsbeiðandi kveðst hafa ætlað að selja skápinn á kr. 100.000 en ekkert liggur fyrir um það hvort það verð hefði fengist fyrir hann óskemmdan. Þá segir álitsbeiðandi að þeir sem komu til að skoða skápinn hafi viljað gefa í mesta lagi kr. 30.000 fyrir hann í því ásigkomulagi sem hann nú er. Sé það rétt er varla hægt að líta svo á að skápurinn sé með öllu verðlaus. Þótt hér sé um óvissar viðmiðanir að ræða telur kærunefndin þó mega líta til þeirra og niðurstaða hennar er sú að Y beri að greiða álitsbeiðanda kr. 60.000 í skaðabætur.

### Álitsorð

Y greiði álitsbeiðanda, X, kr. 60.000.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir